

Íþróttir

Íslenskir formúluökuþórar mætast í brautinni

■ Kristján Einar Kristjánsson líklega í formúlu-3 í sumar ■ Viktor Þór Jensen upp um flokk í Bretlandi ■ Jón Ingi Þorvaldsson ætlar sér aftur á ferðina

KRISTJÁN Einar Kristjánsson, Íslandsmeistari í karti, stóð sig vel í fyrsta kappakstrinum sínum í formúlu og voru forráðamenn Carlin-liðsins sem hann æfir og keppir fyrir hæstánægðir með framgöngu hans. Næsta mót er um komandi helgi og síðan lýkur ferð hans til Nýja-Sjálands um helgina þar á eftir.

Eftir Skúla Unnar Sveinsson skuli@mbi.is

Kristján Einar, sem hélt upp á 19 ára afmælið sitt á þriðjudaginn, fékk mjög góða dóma hjá starfslíði Carlin eftir sína fyrstu keppni. Tæknistjórinn hans, Matt Ogle, er sagður gríðarlega körfuharður enda vanur því besta hjá liðinu, en Carlin er meðal fremstu liða í Formúlu-3 í Bretlandi og eins í GP2-kappakstrinum og hefur meðal annars unnið með Lewis Hamilton á undanförunum árum. Ogle er einn af þremur aðaltæknistjórum liðsins en hann skýrði stjórnendum liðsins að Kristján Einar væri sá ökumaður sem hann vildi stýra á þessu ári. Þetta gerði hann eftir að hafa séð Kristján Einar reyna sig á formúlu-bmw æfingum í haust.

„Það er einungis hægt að lýsa keppnishelginni hjá honum sem fullkominni. Hann lauk líkast til fleiri hringjum en nokkur annar ökumaður og því er að þakka skynsamlegri og yfirvegaðri afstöðu hans,“ sagði Ogle eftir kappaksturinn í Ruapuna-brautinni á Nýja-Sjálandi um síðustu helgi.

Óvenjulega miklar framfarir

„Framfarir Kristjáns Einars um helgina voru óvenjulega miklar og það er mjög gefandi fyrir verkfræðing að vinna með ökuþór sem hlustar af athygli á það sem maður hefur fram að færa og yfirfæri þau ráð yfir í bílinn og skilar því í betri tíma í brautinni. Þetta er tvímælalaust styrkur hjá honum jafnframt því að hann er mjög yfirvegaður undir álagi sem er mikilvægt. Þeir hæfileikar eru ekki síður mikilvægir til árangurs en aksturshæfileikar hans. Hann sannaði fyrir mér í þessu fyrsta alvörumóti sínu í kappakstrarsbíl að mjög svo mjúkum akstursstíl hans sýpar til tækni manna eins Jensen Button og Alvaro Parente,“ sagði Ogle ánægður með árangur Kristjáns Einars.

Næsta mót hjá honum er einnig á Nýja-Sjálandi, en um helgina keppir hann í Manfeild-brautinni í Palmerston North. Þetta er önnur umferðin í Toyota-formúlunni og er hún hápunkturinn því þar verður keppt um New Zealand Grand Prix-bikarinn.

„Markmiðum okkar hefur fleygt hraðar fram en við hjuggumst við. Takmarkið fyrir mótið um helgina er að komast í keppnina í miðjum hópi keppenda, okkur finnst það vænlegra en að reyna að draga á miklu reyndari og tiltölulega hraðskreiðari menn í lokasætunum,“ sagði Ogle.

Í raun eru þetta þrjú mót um helgina, í fyrstu tveimur eru eknir 16 hringir í þriggja kílómetra langri brautinni en í síðasta móti, sem er Grand Prix-keppnin, eru eknir 35 hringir.

Lokakeppni Toyota-mótaraðarinnar fer síðan fram helgina 19. og 20. janúar á Taupo motorsport-brautinni skammt frá Auckland á Nýja-Sjálandi.

Þrjár íslenskir ökumenn í formúluna?

Tveir aðrir Íslendingar hafa reynt fyrir sér í kappakstri í Bretlandi síðustu misserin og ef fram heldur sem horfir verða þeir þrjár næsta sumar.



Spáð í spilin Matt Ogle tæknistjóri og Kristján Einar Kristjánsson bera saman bækur sínar í kappakstrarskeppinni á Nýja-Sjálandi. Kristján Einar er að hefja keppni á Manfeild Autocourse-brautinni á Nýja-Sjálandi.



Hjálmur Jón Ingi Þorvaldsson snurfusar keppnishjálminn í bílskúr sínum í Snettertón.



Á palli Viktor Þór Jensen á verðlaunapalli í móti formúlu-3 kappakstrarsins í Oulton Park í Bretlandi á sl. keppnistímabili.

Viktor Þór Jensen, sem á íslenska móður og keppir fyrir Ísland, er nítján ára og keppti í fyrri formúlu-3 í Bretlandi. Sú keppni er tvískipt, annars vegar í landsflokk og hins vegar í alþjóðlegum flokki. Í þeim fyrrnefnda eru bílarnir heldur kraftminni, en keppnin fer samt þannig fram að báðir flokkarnir eru saman í brautinni.

Jón Ingi Þorvaldsson, riflega þriðtugur Skagamaður, keppti í fyrrihaust í Palmer Audi-formúlunni bresku og ætlar í hana aftur núna með vorinu.

Viktor Þór byrjaði í Palmer Audi-formúlunni og varð á sínum tíma yngsti keppandinn til að sigra þar. Hann var um tíma í unglingslandslíði Bretlands í karti. Hann keppti í landsflokk í formúlu-3 í fyrri en verður í alþjóðlega flokknum í ár enda

er hann kominn með umboðsmann og kostunaraðila þannig að hann getur einbeitt sér að akstrinum. Annar umboðsmanna hans er systir Damos Hills, heimsmeistara í formúlu-1 árið 1996.

Kristján og Viktor mætast á kappakstrarsbrautinni

Allt bendir til þess að þeir Kristján Einar og Viktor Þór mætist á kappakstrarsbrautinni í sumar. Samkvæmt upplýsingum Morgunblaðsins er ætlunin hjá Carlin-liðinu í Bretlandi að láta Kristján Einar keppa í formúlu-3 í sumar. Það eina sem á eftir að ákveða er hvort hann fer í landsflokkinn eða alþjóðaflokkinn. Carlin-liðið hefur ekki enn gefið út hver verður fimmti ökumaður þess í alþjóðaflokknum, en þar má hvert líð vera með fimm ökumenn.

Eru líklegast að halda því opnu fyrir Kristján Einar ætli þeir sér að senda hann í þann flokk.

Kristján Einar æfði hjá Carlin í Bretlandi og tími hans þar bendir til að liðið hafi áhuga á að senda hann í alþjóðaflokkinn enda var tími hans á æfingum það góður að dugað hefði til sigurs í landsflokknum. Forráðamenn Carlin telja því Kristján Einar svo gott sem tilbúinn í alþjóðaflokkinn, en síðan vakna spurningar um hvort ekki sé eðlilegra að hann byrji í landsflokk þar sem hann virðist jafnvel eiga von um að vera í fremstu röð, og færi sig þá síðan upp í alþjóðaflokk á næsta ári.

Hver svo sem niðurstaðan verður hjá Carlin-liðinu þá er ljóst að þeir Kristján Einar og Viktor Þór eiga eftir að hittast á kappakstrarsbrautinni í sumar.

Fólk

sport@mbi.is



Dagný Linda Kristjánsdóttir, skíðakona frá Akureyri, varð í 12. sæti í risasvigi á alþjóðlegu móti í Austurríki í fyrradag. Hún bætti einnig

punktastöðu sína með árangri sínum. Dagný er nú í 189. sæti á heimlistanum í risasvigi með 36,35 Fis-punkta. Hún náði 34,43 punktum á fyrrgreindu móti.

Ökuþórinn Kristján Einar Kristjánsson hóf æfingar á Manfeild-brautinni á Nýja-Sjálandi í fyrrinótt, en þar keppir hann þrívægis um komandi helgi. Æfingar gengi vel og besti tími hans, 1.06,0 var rúmri sekúndu frá besta tímanum, 1.04,8. Undir lok æfingarinnar sneri Kristján Einar bíl sínum og endaði utan brautar. Hann sakaði ekki og bíllinn skemmdist ekki.

Handknattleiksmaðurinn Alexander Popov, sem Afturelding leysti undan samningi fyrir áramót, skoraði fjögur mörk fyrir Búlgaríu þegar hún tapaði fyrir Portúgal, 43:31, í seinni viðureign þjóðanna í forkeppni heimsmeistararamótsins. Leikið var í Varna í Búlgaríu. Portúgal vann fyrri leikinn á heimavelli, 42:17.

Kim Andersson, örvhenta stórskyttan hjá Kiel og hugsanlegur eftirmaður Ólafs Stefánssonar hjá Ciudad Real, verður fyrirliði sænska landsliðsins í handknattleik á Evrópumeistaramóti í Noregi sem hefst eftir viku.

Robbie Savage skrifaði í gær undir eins og hálfis árs samning við enska úrvalsdeildarliðið Derby en þessi 33 ára velski miðjumaður hefur verið í herbúðum Blackburn frá árinu 2005. Derby greiddi 1,5 milljónir punda fyrir Savage, 185 milljónir og mun hann leika sinn fyrsta leik fyrir Derby á laugardaginn þegar það mætir Wigan í miklum fallslag.



Savage er fjórði leikmaðurinn sem Derby fær til sín á skömmum tíma en hinir þrjú eru argentínski framherjinn Emanuel Villa, Frakkinn Laurent Robert og varnarmaðurinn Danny Mills. Þá fær félagið væntanlega egypska miðjumanninn Hossam Ghaly frá Tottenham.

Markvörðurinn Hrafn Davíðsson frá ÍBV og varnarmaðurinn Eyþór Atli Einarsson frá Grindavík eru gengirnir til liðs við Fjölni, nýliðana í úrvalsdeildinni í knattspyrnu. Hrafn er 23 ára, uppallinn í Fylki en á að baki 21 leik í efstu deild með ÍBV og spilaði 14 leiki með liðinu í 1. deildinni í sumar. Hann lék fjóra leiki með 21-árs landsliðinu á sínum tíma. Eyþór Atli er 24 ára og hefur spilað 55 leiki í efstu deild með Grindavík en var lánmaður til Njarðvíkur á miðju síðasta tímabili.

Jón Gunnar Eysteinnsson, miðjumaður frá Neskaupstað, er genginn til liðs við úrvælsdeildarliðið Keflavík í knattspyrnu og samdi til þriggja ára. Jón Gunnar er 21 árs og spilaði með meistaraflakki Fjarðabyggðar frá 15 ára aldri en var síðan með KA í þrjú ár. Hann kom aftur til liðs við Fjarðabyggð fyrir síðasta tímabil, lék þá alla 22 leiki liðsins í 1. deildinni og skoraði 3 mörk.